



Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið

Sölvhólgötu 7

101 Reykjavík

Efni: Umsögn Verkfæðingafélags Íslands (VFÍ) um drög að frumvarpi til laga um loftferðir.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur í Samráðsgátt stjórnvalda kynnt til umsagnar drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um loftferðir.

Verkfæðingafélag Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir og leggur til breytingar:

- Samþykkt þessara laga færir Ísland betur inn í nútíma lagaheim alþjóðlegra flugmála og flugrekstrar. Því ber að fagna.
- Engar áfrýjunarheimildir eru nefndar í frumvarpinu. Mikilvægt er að hægt sé skjóta ákvörðunum Samgöngustofu til faglegrar áfrýjunarnefndar. Sérstaklega skiptir þetta máli fyrir lítil fyrirtæki, einstaklinga og áhugamannfélög.
- Í hafnalögum er hafnastjórnnum fengið það hlutverk að gera tillögu um skipulag hafnarsvæða sbr. II. kafla í lögum nr. 61 2003. Víða erlendis eru flugvellir nánast reknir eins og lítil bæjarfélög og geta nýtt svæði langt út fyrir flugvallargirðingu til hagsbóta fyrir flugvallarreksturinn, til dæmis með aðstöðu fyrir flugtengda starfsemi. Þetta er mikið hagsmunamál varðandi starfsemi flugvallanna sem eru nánast allir í eigu ríkisins þótt ISAVIA sjái um rekstur þeirra.
- Varaflugvellir eru aðeins nefndir í gr. 100 en kveða mætti fastar að orði ef ætlunin er til dæmis að viðhalda þeirri reglu að ekki skuli fljúga á „point-of-no-return“. Varaflugvellir mega ekki vera afgangsmannvirki sem lítið er á að skipti ekki eins miklu máli og aðrir flugvellir.
- Samgöngustofa hefur mjög víðtæka undanþáguheimild varðandi ákvæði í VI. kafla laganna sem fjallar um **hönnun, framleiðslu, lofthæfi og viðhald** loftfara eins og fram kemur í 68. gr. frumvarpsins. Þar segir: „*Samgöngustofu er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessa kafla og reglugerðum settum samkvæmt þeim, enda sé ekki um að ræða loftfar eða starfsemi sem fellur undir gildissvið EASA-reglugerðarinnar og nauðsynlegt þykir að prófa kosti loftfars eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.*“

Hér er sagt að falli loftfarið eða starfsemin undir gildissvið EASA reglugerðarinnar séu slíkar heimildir ekki fyrir hendi. Síðari hluti setningarinnar er ekki auðskilinn og má vafalaust túlka á marga vegu. Það sem er umhugsunarvert er að Samgöngustofa er væntanlega sá aðili sem skilgreinir hvar mörkin liggja og hvernig EASA reglugerðin er túlkuð. Greinargerðin er ekki mjög ítarleg um þessa grein frumvarpsins og hjálpar lítið. VFÍ telur mikilvægt að þessi lagagrein verði gerð skýrari og bjóði ekki upp á handahófskennda túlkun. Í þessu sambandi má vísa til fyrstu athugasemdarinnar varðandi áfrýjun á niðurstöðum eftirlitsstofnunarinnar, sem oftast en ekki byggist á túlkun á ákvæðum EASA reglugerða.

Reykjavík, 16. nóvember 2020.

Stjórn Verkfæðingafélags Íslands.